

Innvigtun mjólkur og nýting greiðslumarks

INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2024 OG 2025


Heildarinnvigtun aðildarfélaga SAM árið 2025 var 156,8 milljónir lítra. Innvigtun jókst um 3.207.941 lítra milli ára, eða 2,1%. Framleiðsla árið 2025 var meiri en nokkru sinni áður. Mánaðarleg innvigtun síðustu tveggja ára er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Samanburður á innvigtun eftir mánuðum árin 2024 og 2025, lítrar.

Mánuður	2024	2025	Mismunur	Mismunur %
Janúar	12.642.316	12.798.796	156.480	1,2%
Febrúar	12.320.578	12.003.940	-316.638	-2,6%
Mars	13.257.361	13.521.948	264.587	2,0%
Apríl	13.917.318	13.697.567	-219.751	-1,6%
Mái	14.321.212	14.261.487	-59.725	-0,4%
Júní	13.043.532	13.820.364	776.832	6,0%
Júlí	13.926.189	13.742.507	-183.682	-1,3%
Ágúst	12.656.736	12.766.857	110.121	0,9%
September	11.682.227	12.778.814	1.096.587	9,4%
Október	11.866.300	12.441.147	574.847	4,8%
Nóvember	11.562.278	11.586.857	24.579	0,2%
Desember	12.363.398	13.347.102	983.704	8,0%
Samtals	153.559.445	156.767.386	3.207.941	2,1%

VIKULEG INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2024 - 2025


Vikuleg innvigtun mjólkursamlaganna sveiflast yfir árið. Mest var innvigtun fyrstu viku júní en minnst í fyrstu viku nóvember. Hámark sveiflunnar var þegar innvigtun í fyrstu viku nóvember 2025 lækkaði í 85% af hámarksinnvigtun í fyrstu viku júní, en frávik frá meðalinnvigtun er um +/- 9% Sjá mynd 1:



Mynd 1: Vikuleg innvigtun mjólkur


INNVIKTUN OG FJÖLDI MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Meðalinnvigtun á hvern framleiðenda var 349.148 lítrar árið 2025 og jókst um 16.783 lítra frá árinu 2024. Á síðustu tíu árum, frá árinu 2015, hefur meðalinnvigtun á hvern framleiðenda aukist um 119.534 lítra eða um 52%. Á sama tíma fækkaði framleiðendum um að meðaltali 19 á ári, en árið 2025 fækkaði um 13 framleiðendur. Yfirlit um þróun á meðalinnvigtun og fjölda framleiðenda er sýnd á mynd 2.



Mynd 2: Fjöldi mjólkurframleiðenda og meðalinnvigtun árin 1980 – 2025.

Frá 1980 til 2025 hefur innvegið mjólkurmagn hjá afurðastöðvum landsins aukist um 47%, eða úr 107 í rúmlega 156,7 millj.lítra. Á sama tíma fækkaði mjólkandi kúm um 23% og losun gróðurhúsalofttegunda, að öðru jöfnu, lækkað um svipað hlutfall. Yfirlit um þróun fjölda mjólkurkúa og heildarinnvigtunar frá 1980 til 2025 er sýnt á mynd 3.



Mynd 3: Fjöldi mjólkurkúa og heildarinnvigtun árin 1980 – 2025.

NÝTING GREIÐSLUMARKS VERÐLAGSÁRIÐ 2025

Samkvæmt uppgjöri sem unnið er af SAM, byggt á upplýsingum frá Matvælaráðuneytinu 26. janúar 2026, var skráð framleiðsla mjólkur árið 2025 alls 157.086.723 lítrar, en nýtt greiðslumark verðlagsársins samkvæmt lokauppgjöri ráðuneytisins var 151.999.997 lítrar. Skráð nýting greiðslumarks var þremur lítrum undir heildargreiðslumarki samkvæmt skilgreiningu Matvælaráðuneytisins.

Öllum sem taka mjólk til vinnslu er skylt að skila skýrslum um magn móttækinnar mjólkur til Matvælaráðuneytisins. Nýting greiðslumarks verðlagsárið 2025 samkvæmt upplýsingum frá Matvælaráðuneytinu er sýnd í töflu 2, ásamt magni mjólkur sem skráð var nýtt utan afurðastöðva sem eiga aðild að SAM.

Tafla 2. Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2024.

Skýringar	Skráð framleitt innan greiðslumarks	Framleitt umfram greiðslumark	Skráð framleitt alls
Innvigtun hjá Auðhumla svf	132.667.707	4.920.503	137.588.210
Innvigtun hjá Mjólkursamlag KS	19.012.953	166.223	19.179.176
Önnur skráð nýting greiðslumarks:	185.834	0	185.834
Skráð heimavinnsla:	133.503	0	133.503
Samtals	151.999.997	5.086.726	157.086.723

Heimild: Matvælaráðuneytið og aðildarfélag SAM.

ÞRÓUN INNVIGTUNAR, GREIÐSLUMARKS OG UMFRAMMJÓLKUR 2013 - 2025

Yfirlit um þróun skráðrar mjólkurframleiðslu, greiðslumarks, umframmjólkur, heimavinnslu og sértækra ráðstafana er birt í töflu 3 hér á eftir. Upplýsingar um skráða mjólkurframleiðslu hvers árs koma frá Matvælaráðuneytinu. Skráð heimavinnsla er það magn mjólkur sem heimavinnsluaðilar gefa upp að þeir hafi nýtt til vinnslu, en sértækar ráðstafnir eru aðgerðir vegna náttúruhamfara og óviðráðanlegra áfalla.

Tafla 3. Þróun innvigtunar, greiðslumarks og umframmjólkur 2013 - 2025

Ár	Skráð mjólkurframleiðsla	Innan greiðslumarks	Umfram greiðslumark	Skráð heimavinnsla	Sértækar ráðstafanir
2013	122.984.859	116.000.000	6.984.859	39.636	32.700
2014	133.573.812	125.000.000	8.573.812	27.470	32.607
2015	146.054.236	140.000.642	6.053.594	36.745	16.942
2016	150.399.221	135.999.999	14.399.222	76.740	0
2017	151.204.701	144.000.001	7.204.700	87.836	0
2018	152.501.074	145.017.229	7.483.845	92.094	0
2019	151.864.653	145.000.001	6.864.652	25.985	0
2020	151.196.908	145.000.000	6.196.908	16.760	591.047
2021	148.858.856	144.999.999	3.858.857	31.108	0
2022	148.036.032	146.504.650	1.531.382	69.118	0
2023	151.512.332	149.000.001	2.512.331	89.225	0
2024	153.678.618	151.502.131	2.176.487	119.173	0
2025	157.086.723	151.999.997	5.086.726	133.503	185.834